

Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir **53** gjalddaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeiganda, eftir skriflega tilkynningu 14. júní til hans.

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er hreppsnefndin felur innhelmtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir takmarkara eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi sem 14 júní f. á. var sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 um rafmagnsveitur, er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 14. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Öddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

Auglýsing

54
15. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 1. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er hjermeð staðfest eftirrituð

lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á almannafæri

1. gr.

A almannafæri mega uppbot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvöllir, sölutorg, bryggjur, bólvirki, o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarstaðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

54

15. júní

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götubrún eða gangstjettabrún, sem auðið er. Við krossgötu skal, ef þörf gjörist, sá bíða, sem er til vinstri handar. Þeir, sem fara um gangstjettir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

4. gr.

A almannafæri, stræti eða svæði má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

5. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða yfir höfuð hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

A fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sómuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri og hvergi að óþörfu á kaupstaðarlóðinni. Sómuleiðis er öll veiði með skotum bönnuð í landareign kaupstaðarins. Þó er Glerárdalurinn og »fjallið« undan skillið. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsýnlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sjerstöku samþykki lögregustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

8. gr.

Það er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun á almannafæri, svo sem með því að brúka þar ólæðislæti, eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap, einnig með því að viðhafa ósæmileg orð eða látbragð, enufremur með því að ganga dulklæddur eða í búningi, sem misþýður velsæmi, eða fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

Þá menu, sem sökum ólæðis hafa í frammi hávaða á almannafæri með hrópi, köllum eða á annan hátt, eða sýna af sér óskunda, svo sem með höggum eða barsmið, má setja í varðhald og skulu þeir sæta sektum eigi minna en 50 kr.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða annarstaðar svo nálægt landi að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum sem á höfninni liggja.

10. gr.

54

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess. 15. júní

11. gr.

Lögregluvaldið getur krafði sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða karlmann, sem nálægt er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hefta þá, er slíku valda, og varðar það sektum samkvæmt samþykkt þessari, ef slíkri áskorun ekki er sint, en heimtingu eiga slíkir menn á bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. Kafli.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema að hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða. —

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sju lægri en 50 kr.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði sem almenningur fer um, til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, og fyrir þann tíma, sem í leyfinu er tiltekið. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða lóðareiganda má enginn láta fyrirberast á umgirtum garðsvæðum eða á öðrum stöðum, þar sem inngengið er í hús eða garða.

14. gr.

Stjettir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum, eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddahrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá bóíð, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má eigi bera á götum bæjarins eða annarstaðar á almannafæri. Byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum lokuum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa

54 á götu lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á 15. júlí. gangstjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutnings, og setur sjerstakar reglur þar að lútandi.

16 gr.

A götum, strætum eða svæðum, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, jarna hesta eða því um líkt. A götum eða strætum eða á veggsvólum eða í gluggum, sem vita að götu eða stræti, má eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja föt til þerris eða þesskonar.

17. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þesskonar má eigi hengja utan á hús þannig að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

18. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmí, ávaxtahöðl, pappírusrusli eða öðru þesskonar á almannafæri, nje heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sjer hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

19. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tíma-bílinu frá 1. sept. til 14. maí, og ekki seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst. nema að þau sjeu í fylgd með fullorðnum.

20. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinu hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkstjóra og samþykki lögreglustjóra. Slik verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því dimma fer að kvöldi uns bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferð-inni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að framkvæma.

21. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús er rífið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrir-mælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lög-

reglustjóri leyfir, og eigi, má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkfæri og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hústæðinu, að ekki stafi hætta, óþrífuaður eða óþrýði af.

22. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar, og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. A slíkum póllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járnstöddum að neðan, ef stiginu er meira en 4. m. langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

23. gr.

Nú er hús, eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætta er búin, að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt eiganda fyrir, að láta gera slíkar endurbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Auk þess getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir í þessa átt.

Sama er, þegar grjótgörðum, skíðgörðum eða öðrum girðingum liggur við hruni eða falli.

24. gr.

Ahöld öll, sem notuð eru til þess, að hefja upp eða renna niður vörum úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust.

25. gr.

Nú gengur kjallaraangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járn eða öðrum málm beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi uns hjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járn eða öðrum málm, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

26. gr.

Um þakrennur og renslí frá húsum í göturæsin eða rennurnar skal svo um búið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins.

27. gr.

Stórt grjót, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrirdráttum, eða annað þvífkt, mega menn ekki láta liggja víðsvegar um fjöruna, heldur skulu þeir, sem það eiga, flytja það burt eða saman eftir fyrirsögn lögreglustjóra.

54

15. júní

28. gr.

Ef ís á Pollinum er ótryggur, getur lögreglustjóri, að viðlögðum sektum, bannað að fara út á hann.

Enginn má höggva vakir, á Pollinn nær landi en í beina línu frá melhorninu fyrir sunnan Krókeyraroddann, þar sem hann gengur lengst í austur og varða segir til, í stöng þá, sem sett er við ósinn, á miðri Oddeyrinni, nema lögreglustjóri veiti leyfi til þess.

III. Kafli.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

29. gr.

Þeir, sem riða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuborn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki riða eða aka harðara en á hægu brokki og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menni og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má riða eða aka um gangstjettir bæjarins.

30. gr.

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horudum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

31. gr.

Ríðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel útaf götunni fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

32. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumanns á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

33. gr.

54

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

34. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestinum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist, það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast við jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

35. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða og handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

36. gr.

Með vagna og hesta má aðeins fara eftir þeim hluta strætisins, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla vagna umferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

37. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegabrún eða gangstjett til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

38. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skruðgöngum eða líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

39. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert, sem næst gangstjettinni eða götujúðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götujúðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinumeginn á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum, eða fast við þau.

40. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

54

15. júní

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrast í hæfilegri fjarlægð. Enn fremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

41. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir vika úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. kafli.

Um bifreiðar.

43. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvjel í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

44. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álist hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðafeiðir innanbæjar að næturlagi.

45. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða, nr. 88 frá 14. nóv. 1917 og reglugjörð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugjörðum, sem síðar kunna að verða settar þar að aðlútandi. Ljós á bifreiðum skal tendra ekki seinna en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tædrunar á götuljóskerum.

46. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hjer í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar samþykta, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merki með áletruðu A. og tölumerki, sem festa skal aftan á bifreiðina, svo að sjáist greinilega og má ekki taka það af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan á bifreið, sem skrásett er hjer í bænum. Verði eiganda skifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn mega vera í einu í bifreið ef hún er ætluð til að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávalt hafa meðferðis skírteini lögreglustjóra, er tiltekur farþega fjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu og vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugjörða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

Bifreiðar, sem eru eign utanbæjarmanna, mega því að eins fara um götur bæjarins,

að aftan á þeim sje skrásetningarkerki þess lögsagnarumdæmis, þar sem eigandinn er búsettur, og ekkert annað merki.

54
15. júní

47. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sje fullra 21 árs að aldri og hafi ökuskirteini, er heimili honum að stýra bifreið, nema um undanþágu sje að ræða, lögum samkvæmt.

Bifreiðarstjóri skal hafa eiukennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskirteini og tölumerki skírtelnis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar meðan ekið er og meðan hann situr við stýrið má hann ekki reykja tóbak og ekki tala við farþega.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

48. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávalt tempru svo, að komist verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sje ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 12 km. á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sjer skamt frá sjer, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, og þar sem mikil umferð er, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur uje á gangstjettir.

49. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast framhá henni.

50. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávalt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef bestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum, þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða.

51. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

52. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvjel hennar.

Bifreiðarstjóri skal og ávalt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

54

15. júní

Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. Kafli.

Um reiðhjól.

54. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess er hjer segir.

- a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stig-sveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
- b. Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð er hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót.
- c. Á hverjum hjólum skal, þegar dimt er, vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi fram undan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.
- d. Ökuraði á hjólum má aldrei vera meiri en 12 km. á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, nje á gangstjettina. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða verði órór.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
- f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem yngri er en 15 ára.

VI. Kafli.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

55. gr.

Hænsn, gæsir og endur má eigi hafa í kaupstaðnum frá 1. júní til 31. ágúst, þó má hafa hænsn, þar sem svo til hagar, að þau geta engan skaða gert í gördum, eða þar sem lögreglustjóri leyfir.

56. gr.

Sauðfjenaður bæjarmanna má ekki ganga laus á svæðinu fyrir austan beina línu

vestan við túnið á Eyrarlandi og Hamarkoti, frekar en nauðsynlegt er, til að reka hann úr eða í haga eða til vatns. 54
15. júní

Þeir, sem sauðfje eiga eða hafa undir heudi, skulu skyldir að annast samanrekstur á sauðfje vor og haust, reka fjeð til afrjettar og gera gangnaskil að haustinu eftir fyrirmælum bæjarstjórnarinnar.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár og svína.

57. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur bæjarins, frekar en nauðsynlegt er til að reka þá í haga eða til vatns.

Á meðan lestamenn eða ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína í »Caroline Rest« eða öðrum hesthúsum. Sje eigi rúm þar, skal heimilt að hafa hestana utan við götubrautina, þar sem engin umferð er, á sunriu er þó leyfilegt að hafa hestana í rjett.

58. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sjer. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjólum, nje fleiri en tvo lausa hesta sambliða.

Lausa ferðamanna hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema ríðið sje eða gengið hægt á undan þeim.

59. gr.

Naut, sem farið er með um bæinn, skulu ávalt leidd í bandi, nægilega traustu, og tveir fullorðnir karlmenn að minsta kosti fylgja hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæslulaus.

60. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutninga eða slátrunar, getur lögreglustjóri gert þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur. Sláturfje að hausti má einungis reka eftir þeim götum í lögsagnarumdæminu, sem lögreglustjóri fyrirskipar.

VII. Kafli.

Um hunda.

61. gr.

Skyldur er hver hundaeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletuðu A. og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, er rjettdræpur, ef eigandi hirðir ekki um að greiða áfallinn kostnað innan hálfsmánaðar eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Ennfremur er lögreglunni heimilt að láta drepa þá hunda, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli, og skulu eigendur þeirra sæta sektum samkvæmt 98. gr.

54

15. júní

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendunum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagðri sekt samkvæmt 98. gr.

62. gr.

63. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu skal sæta sektum þó ekkert tjón hafi hlotist af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

64. gr.

Blóðhunda, eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörslu, hvorki utan húss eða innan.

65. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sjerstakt eftirlit með því, að hundeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugjörð bæjarins um lækning hunda af bandormum.

VIII. Kafli.

Um friðun almenningsigna og einstakra manna.

66. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða til þrýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þessháttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum og girðingum, sem liggur að almannafæri.

67. gr.

Enginn má klifra upp á eða yfir eða skemma girðingar, sem settar eru fram með götum, strætum eða svæðum eða kringum tún og garða, hvar í landi bæjarins sem er.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

68. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnium má ekki beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

54
15. júní

IX. Kafli.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

69. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef þörf gerist.

70. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki samsöngva sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögnum.

71. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

X. Kafli.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

72. gr.

Allir staðir þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og óafengra drykkja, eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustórnarinnar og skal lög-reglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

73. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta druknum manni í tje neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

- 54** Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og óáfengra drykkja, eða selur 15. júní gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

74. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11 $\frac{1}{2}$ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en $\frac{1}{2}$ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðmönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

75. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun nema kann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgerðarskyni, eða til að styrkja fyrirtæki í almenningsþarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar o. s. frv. eru sömu [reglum háðar sem sjónleikir.

76. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmynda sýningu í senn og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

77. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemtanir nje heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð, An leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

Auk gjalds þess í bæjarsjóð, fyrir skemtanir, sem getur í 75., 76. og 77. gr. skal greiða skemtanaskatt, sem ákveðinn kann að verða með reglugjörð samkvæmt lögum 22. nóv. 1918, um skemtanaskatt.

78. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleiki, dansleiki, samsöngva eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, — er skyldur að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu og velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögregluuni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

79. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, sem leyfi hefir fengið til að halda skemtanir samkvæmt 75.—77§ gr. noti það á þeirra lóð. Sömmuleiðis er sjerhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess,

að engar almennar skemtanir, sem háreisti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans að hætta eða tjón geti af því hlotist.

54

15. júní

80. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um að því sje ávalt haldið vel hreinu.

XI. Kafli.

Um alment hreinlæti og þrifnað.

81. gr.

Til þess að hafa eftirlit með öllu því, sem lýtur að almennum þrifnaði í kaupstaðnum, og því, að reglum þeim, sem hjer koma, sje framfylgt, skal vera heilbrigðisnefnd; í henni eiga sæti sjálfkjörnir, bæjarfógeti og hjeraðslæknir, og einn maður, sem bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

82. gr.

A almannaferi eða í skipakvíarnar má eigi kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða nokkrum öðrum óhreinindum. Alt slíkt, svo og innýfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal látið í gryfjur þær, sem mykja og áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að láta sópa allan lausan hroða af götunni fyrir sinni lóð, þegar lögreglustjóri fyrirskipar.

Hey, svörð eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur við flutningum um göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Mold, leyfar og rusl og verkefni sem af húsabyggingum eða aðgerð á húsi stafar, skal færa jafnóðum burtu svo langt ofan í fjöru, að flóð taki það út samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í bænum, og eru menn þá skyldir til, ef bæjarstjórnin ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

83. gr.

Aburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

84. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við götur, stræti, eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum, nægilega byrgðum, og skal þó til þess hafa leyfi heilbrigðisnefndarinnar, og mega þær ekki vera nær vatnsbólum en heilbrigðisnefndin ákveður. Salerni skal vera við hvert hús, þar sem heilbrigðisnefndin ákveður.

85. gr.

A húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng nje annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur, og ekki má heldur hafa fiskitrónur á almannaferi.

54

15. júní

Skepnum má eigi slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal þetta gert að húsabaki eða innan grindar eða á lokuðu svæði. Það er bannað að láta hunda koma á blóðvöllinn þegar slátrað er sauðfjenaði. Brot á banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi lóðareiganda.

86. gr.

87. gr.

Í saurrennur, sem hlaðnar skulu vera við hvert íbúðarhús, má eigi kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið eða stíflað upp rennurnar, nje heldur læki þá, sem renna um lóð kaupstaðarins, nje í kýlana og sýkin á Oddeyrinni.

88. gr.

Þeir, sem saurrennur hafa frá húsum sínum þvert yfir götu, stræti eða svæði, skulu hafa svo um búíð, að lokræsi sje. Saurrennur allar, hvort heldur opnar eða lokaðar, skulu hreinsaðar að minsta kosti fjórum sinnum á ári, eða oftar, ef heilbrigðisnefndin finnur ástæðu til að fyrirskipa slíkt.

89. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða alt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið, eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur og sjá um að afrensi í þeim stíflist ekki.

90. gr.

Götur bæjarins og göturæsin skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

91. gr.

Lifrabræðsla má eigi fram fara á lóð kaupstaðarins, nema þar sem heilbrigðisnefndin tilvísar.

Atvinna þessi skal standa undir sjerstakri tilsjón heilbrigðisnefndarinnar, og er sá, sem lifrabræðsluna rekur, skyldur til að hlyða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndarinnar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sje viðhafður og allri hættu afstýrt.

92. gr.

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur, grút eða áburð, má alls ekki hafa á almannafæri eða við götur og stræti bæjarins, eða neitt það annað, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar.

93. gr.

Síldarverkun má aðeins fara fram í bakgörðum eða á afviknum svæðum, þó getur lögreglustjóri veitt leyfi til, að hún fram fari annarstaðar, en þó eigi á almannafæri, nema þörf þyki til þess vera.

94. gr.

Ekkert hús eða herbergi í þeim má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hættu búin. Um hvört svo sje, ákveður heilbrigðisnefnd.

95. gr.

54

Fiskverkun og fiskþurkun skal aðeins fram fara á þeim svæðum, sem hellbrigðisnefndin ákveður til þess.

15. júní

XII. kafli.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

96. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alt lögsagnarumdæmi Akureyrar, en skal, nema hitt sje beint tekið fram, því að eins beitt utan verslunarlóðarinnar að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

97. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

98. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 kr., ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

99. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþyktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

10. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykt þessari, og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

101. gr.

Lögreglusamþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920 og fellur frá sama tíma úr gildi lögreglusamþykt fyrir Akureyrarkaupstað staðfest 18. sept 1900, svo og öll ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykt þessa.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.